

Sveitarfélagið Ölfus
Ársreikningur
2017

Sveitarfélagið Ölfus
Hafnarbergi 1
815 Þorlákshöfn
kt. 420369-7009

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra.....	3
Áritun óháðs endurskoðanda.....	4-5
Rekstrarreikningur.....	6
Efnahagsreikningur.....	7
Yfirlit um sjóðstreymi ársins.....	8
Skýringar.....	9-22
Óendurskoðað fylgiskjal:	
Yfirlýsing um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar.....	23

Skýrsla og áritun bæjarstjóra og bæjarstjórnar

Ársreikningur Sveitarfélagsins Ölfuss fyrir árið 2017 er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar ráðuneytis sveitarstjórnarmála um reikningsskil sveitarfélaga.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins Ölfuss, A og B hluta, námu alls um 2.274 milljónum króna, þar af voru rekstrartekjur A hluta 2.067 milljónir króna.

Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt A og B hluta var jákvæð um 152 milljónir króna en rekstrarniðurstaða A hluta var jákvæð um 126 milljónir króna. Samkvæmt efnahagsreikningi nema heildareignir A og B hluta um 4.464 milljónum króna, bókfært eigið fé sveitarfélagsins í árslok 2017 nam um 2.433 milljónum króna og er eiginfjárlutfall um 54,2%.

Það er álit bæjarstjórnar og bæjarstjóra Sveitarfélagsins Ölfuss að í ársreikningi þessum komi fram allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sveitarfélagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Bæjarstjórn og bæjarstjóri Sveitarfélagsins Ölfuss staðfesta hér með ársreikning sveitarfélagsins fyrir árið 2017 með undirritun sinni.

Þorlákshöfn, 27. apríl 2018

Bæjarstjórn



Sveinn Steinarsson
Forseti bæjarstjórnar



Anna Björg Nielsdóttir



Ágústa Ragnarsdóttir



Þrúður Sigurðardóttir



Jón Páll Kristófersson



Ármann Einarsson



Guðmundur Oddgeirsson

Bæjarstjóri



Gunnsteinn Ómarsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Ölfuss

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Sveitarfélagsins Ölfuss fyrir árið 2017. Ársreikningurinn hefur að geyma ársreikning fyrir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og samantekinn ársreikning fyrir A og B hluta. Hann greinist í skýrslu og áritun bæjarstjóra og bæjarstjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um helstu reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sveitarfélagsins á árinu 2017, efnahag þess 31. desember 2017 og breytingu á handbæru fé á árinu 2017, í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu bæjarstjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga og koma ekki fram í skýringum.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Við erum óháð Sveitarfélaginu Ölfus í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð bæjarstjórnar og bæjarstjóra á ársreikningnum

Bæjarstjórn og bæjarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga. Bæjarstjórn og bæjarstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við gerð ársreikningsins eru bæjarstjórn og bæjarstjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Sveitarfélagsins Ölfuss. Ef við á, skulu bæjarstjórn og bæjarstjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Bæjarstjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg víska er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

Áritun óháðs endurskoðanda framhald

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi sveitarfélagsins.

- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Við upplýsum bæjarstjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við bæjarstjórn að við höfum uppfyllt skyldur síðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum til að tryggja óhæði okkar.

Þorlákshöfn, 27. apríl 2018

BDO ehf.



Sigrún Guðmundsdóttir

löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2017

Skýr.	A hluti			A og B hluti		
	2017	Áætlun	2016	2017	Áætlun	2016
Rekstrartekjur	3					
Skatttekjur án framlags Jöfnunarsjóðs.....	1.339.622	1.329.485	1.221.592	1.335.465	1.325.320	1.217.668
Framlög úr Jöfnunarsjóði.....	479.618	403.795	427.310	479.618	403.795	427.310
Þjónustutekjur.....	153.942	169.455	134.990	395.550	390.330	361.847
Eignatekjur.....	36.906	28.790	54.673	11.501	45.950	64.064
Aðrar tekjur.....	56.616	41.860	43.547	51.846	55.535	33.518
	<u>2.066.704</u>	<u>1.973.385</u>	<u>1.882.112</u>	<u>2.273.980</u>	<u>2.220.930</u>	<u>2.104.407</u>
Rekstrargjöld						
Laun og launatengd gjöld.....	4 980.672	967.795	884.958	1.039.701	1.035.845	939.662
Breyting lífeyrisskuldbindingar.....	13 89.622	35.500	49.698	95.438	38.120	51.948
Annar rekstrarkostnaður.....	738.226	785.445	699.680	780.695	833.360	750.600
	<u>1.808.520</u>	<u>1.788.740</u>	<u>1.634.335</u>	<u>1.915.834</u>	<u>1.907.325</u>	<u>1.742.210</u>
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir		258.183	184.645	247.777	358.145	313.605
Afskriftir.....	8 (99.759)	(101.234)	(95.014)	(157.303)	(158.375)	(146.789)
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		158.424	83.411	152.762	200.843	155.230
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld						
Fjármunatekjur.....	5 17.146	6.813	15.050	17.702	15.088	12.514
Fjármagnsgjöld.....	6 (49.324)	(60.919)	(58.517)	(66.855)	(79.653)	(70.097)
	<u>(32.179)</u>	<u>(54.106)</u>	<u>(43.468)</u>	<u>(49.153)</u>	<u>(64.565)</u>	<u>(57.583)</u>
Rekstrarniðurstaða ársins		<u>126.245</u>	<u>29.305</u>	<u>109.294</u>	<u>151.690</u>	<u>90.665</u>
		<u>157.826</u>				

Efnahagsreikningur 31. desember 2017

Eignir	Skýr.	A hluti		A og B hluti	
		31.12.2017	31.12.2016	31.12.2017	31.12.2016
Fastafjármunir					
Varanlegir rekstrarfjármunir:					
Fasteignir og lóðir.....	8	2.551.443	2.516.512	2.912.468	2.834.355
Veitu- og gatnakerfi.....	8	160.630	136.788	442.919	423.304
Hafnarmannvirki.....	8	0	0	476.185	289.657
Áhöld og tæki.....	8	38.471	38.518	52.600	49.724
		<u>2.750.543</u>	<u>2.691.818</u>	<u>3.884.172</u>	<u>3.597.040</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:					
Eignarhlutir í félögum.....	9	122.143	122.143	122.889	122.889
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki.....		66.509	67.528	0	0
Aðrar langtímakröfur.....	10	49.516	16.376	49.516	16.376
		<u>238.168</u>	<u>206.047</u>	<u>172.405</u>	<u>139.265</u>
Fastafjármunir samtals		<u>2.988.712</u>	<u>2.897.865</u>	<u>4.056.577</u>	<u>3.736.305</u>
Veltufjármunir					
Vörubirgðir.....		5.552	5.084	5.552	5.084
Óinnheimtar tekjur og viðskiptakröfur.....	11	202.840	176.942	218.615	190.876
Næsta árs afborgun langtímakrafna.....	10	1.546	969	1.546	969
Næsta árs afb. langtímakr. á eigin fyrirtæki.....		2.190	30.113	0	0
Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki.....		118.390	49.283	0	0
Aðrar skammtímakröfur.....	11	16.107	14.779	71.139	19.537
Handbært fé.....	11	109.426	109.866	110.156	279.314
		<u>456.050</u>	<u>387.036</u>	<u>407.009</u>	<u>495.780</u>
Eignir samtals		<u>3.444.762</u>	<u>3.284.901</u>	<u>4.463.586</u>	<u>4.232.085</u>
Eigið fé og skuldir					
Eigið fé					
Eiginfjárreikningur.....	12	1.693.574	1.567.328	2.432.941	2.281.252
		<u>1.693.574</u>	<u>1.567.328</u>	<u>2.432.941</u>	<u>2.281.252</u>
Skuldbindingar					
Lífeyrisskuldbinding.....	13	407.315	396.266	427.829	416.593
Langtímaskuldir					
Skuldabréfalán.....	14	960.619	1.025.762	1.258.231	1.289.202
Skammtímaskuldir					
Viðskiptaskuldir.....	15	97.312	42.478	83.933	55.585
Næsta árs afborganir langtímaskulda.....	15	82.926	83.430	100.497	100.053
Skuldir við eigin fyrirtæki.....		50.869	84.580	0	0
Aðrar skammtímaskuldir.....	15	152.149	85.057	160.155	89.400
		<u>383.255</u>	<u>295.545</u>	<u>344.585</u>	<u>245.039</u>
Skuldir og skuldbindingar samtals		<u>1.751.189</u>	<u>1.717.572</u>	<u>2.030.644</u>	<u>1.950.834</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>3.444.762</u>	<u>3.284.901</u>	<u>4.463.586</u>	<u>4.232.085</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2017

Skýr.	A hluti		A og B hluti	
	2017	2016	2017	2016
Rekstrarhreyfingar				
<i>Veltufé frá rekstri:</i>				
Rekstrarniðurstaða ársins.....	126.245	109.294	151.690	157.826
<i>Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:</i>				
Afskriftir..... 8	99.759	95.014	157.303	146.789
Verðbætur og gengismunur.....	13.943	21.751	19.862	29.338
Sölutap (-hagnaður) eigna.....	(6.758)	51	(10.369)	51
Breyting á lífeyrisskuldbindingum..... 13	26.665	49.698	28.670	51.948
	<u>259.855</u>	<u>275.808</u>	<u>347.156</u>	<u>385.952</u>
<i>Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum</i>				
Vörubirgðir, lækkun (hækkun).....	(468)	194	(468)	194
Óinnh. tekjur og viðskiptakröfur, lækkun (hækkun).....	(25.898)	(19.499)	(27.739)	(16.479)
Aðrar skammtímakröfur, lækkun (hækkun).....	(1.328)	(769)	(51.602)	69.454
Viðskiptaskuldir, lækkun (hækkun).....	54.833	5.949	28.348	11.753
Aðrar skammtímaskuldir, lækkun (hækkun).....	67.092	(7.559)	70.755	(6.561)
Greitt vegna lífeyrisskuldbindingar..... 13	(15.616)	(14.541)	(17.434)	(16.144)
	<u>78.615</u>	<u>(36.225)</u>	<u>1.859</u>	<u>42.217</u>
Handbært fé frá rekstri	<u>338.470</u>	<u>239.584</u>	<u>349.015</u>	<u>428.169</u>
Fjárfestingahreyfingar				
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum..... 8	(190.857)	(148.121)	(477.927)	(177.715)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna.....	39.130	45	43.861	45
Langtímakröfur, breyting.....	(2.317)	3.950	(33.000)	1.184
	<u>(154.044)</u>	<u>(144.126)</u>	<u>(467.066)</u>	<u>(176.487)</u>
Fjármögnunarhreyfingar				
Viðskiptastaða eigin fyrirtækja, breyting.....	(102.817)	8.035	0	0
Tekin ný langtímalán.....	0	0	47.742	0
Afborganir langtímalána.....	(82.048)	(101.213)	(98.849)	(123.016)
	<u>(184.865)</u>	<u>(93.178)</u>	<u>(51.107)</u>	<u>(123.016)</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	(439)	2.280	(169.158)	128.666
Handbært fé í ársbyrjun.....	109.866	107.586	279.314	150.648
Handbært fé í árslok	<u>109.426</u>	<u>109.866</u>	<u>110.156</u>	<u>279.314</u>

Skýringar

1. Starfsemi

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög nr. 138/2011, lög um ársreikninga nr. 3/2006 og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015 og auglýsingar um reikningsskil sveitarfélaga.

Starfsemi sveitarfélagsins er skipt í A og B hluta. Til A hluta telst bæjarsjóður, sem er Aðalsjóður sveitarfélagsins auk annarra sjóða og stofnana er sinna starfsemi sem að hluta eða öllu leyti eru fjármögnuð með skatttekjum, en auk Aðalsjóðs er um að ræða Eignasjóð og Þjónustumiðstöð Ölfuss.

Til B hluta teljast stofnanir sveitarfélagsins og fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins og eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar. Þau fyrirtæki og stofnanir sem falla undir B hluta eru: Vatnsveita Þorlákshafnar, Fráveita Ölfuss, Hafnarsjóður Þorlákshafnar, Félagslegar íbúðir Ölfuss, Íbúðir eldri borgara og Uppgræðslusjóður Ölfuss.

Ársreikningur Sveitarfélagsins Ölfuss fyrir árið 2017 hefur að geyma ársreikning A hluta og samantekinn ársreikning A og B hluta.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er í samræmi við lög og reglur og viðtekná reikningsskilavenju á Íslandi. Við gerð hans er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð.

Ársreikningur A hluta

Ársreikningur A hluta tekur til Aðalsjóðs, Eignasjóðs og Þjónustumiðstöðvar Ölfuss. Í ársreikningum eru öll veruleg innbyrðis viðskipti og viðskiptastöður á milli sjóða sem mynda A hluta færð út.

Ársreikningur A og B hluta

Samantekinn ársreikningur A og B hluta tekur til bæjarsjóðs (A hluta) og B hluta fyrirtækja þar sem eignarhlutur bæjarsjóðs er meiri en 50% í árslok. Í samantekna ársreikningnum eru ársreikningarnir lagðir saman, en viðskipti og viðskiptastöður milli A hluta og fyrirtækja sem mynda B hluta eru jöfnuð út.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum sveitarfélagsins.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladeði, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili þegar þær eiga sér stað.

Innlaun tekna

Til skatttekna flokkast útsvar, fasteignaskattur og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga auk annarra tekna með skattígildi, svo sem lóðarleiga. Útsvar er tekjufært samkvæmt staðgreiðsluskilagreinum og endanlegri álagningu ársins á undan, en aðrar skatttekjur eru tekjufærðar við álagningu þeirra. Til lækkunar skatttekna eru færðar reiknaðar niðurfærslur vegna óinnheimtra skatttekna.

Álögð gatnagerðargjöld, heimæðargjöld og framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til stofnframkvæmda eru færð til lækkunar stofnverði viðkomandi eigna.

Tekjur af sölu vöru og þjónustu eru tekjufærðar þegar afhending vöru hefur farið fram og þjónusta verið innt af hendi.

Skýringar

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Innlausn tekna (framhald)

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við vaxtakjör viðkomandi eigna, en arðstekjur eru tekjufærðar þegar réttur til þeirra hefur skapast.

Hagnaður (tap) af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er færður á meðal rekstrartekna/-gjalda, en hagnaður (tap) af sölu eignarhluta í félögum meðal fjármunatekna/-gjalda eða annarra tekna/gjalda.

Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili þegar hann fellur til.

Niðurfærslur eigna

Skuldabréf, langtímakröfur, óinnheimtar skatttekjur og aðrar útistandandi skammtímakröfur hafa verið metnar með tilliti til tapsáhættu og niðurfærðar með óbeinni afskrift í ársreikningi. Ekki er hér um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast. Breyting á niðurfærslu sem þannig er ákveðin, að teknu tilliti til endanlegra tapaðra krafna á árinu, er færð í rekstrarreikning.

Eignarhlutir í félögum eru færðir niður í markaðsverð eða matsverð þar sem það er lægra en kostnaðarverð og niðurfærsla gjaldfærð í rekstrarreikningi.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur þeim muni nýtast í rekstrinum og unnt er að meta kostnað vegna þeirra með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði, en það samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eignum í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Eignir með eignarréttarfyrirvörum samkvæmt samningum um fjármögnunarleigu eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma á sama hátt og eignir með fullum eignarrétti.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söliverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi.

Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir sveitarfélagsins í öðrum félögum eru færðir á kostnaðarverði í ársreikningi sveitarfélagsins eða áætluðu markaðsverði ef það er talið lægra og frá sama tíma er ekki færð hlutdeild í afkomu þeirra í reikningsskilum hans þar sem fyrst og fremst er verið að draga fram ráðstöfun skatttekna í ársreikning A hluta.

Birgðir

Birgðir rekstrarvara eru færðar á kostnaðarverði.

Verðbréf

Skuldabréf og aðrar langtímakröfur sem áætlað er að eiga fram á gjalddaga eru metin á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Markaðsverðbréf eru verðbréf sem skráð eru á virkum markaði og keypt í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaverðbreytingum. Markaðsverðbréf eru færð á markaðsverði og færast matsbreyting í rekstrarreikning á því tímabili sem hún fellur til.

Skýringar

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótveikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði, að frádregnum greiddum afborgunum, og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok ársins, eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð til gjalda á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til gjalda á lántökuári.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar í efnahagsreikning ef líklegt þykir að sveitarfélagið verði fyrir útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð þeirra með áreiðanlegum hætti.

Skuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins er færð meðal skuldbindinga í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingafræðilegrar úttektar. Breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

Skýringar

3. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

	A hluti		A og B hluti	
	2017	Fjárhags- áætlun 2017	2017	Fjárhags- áætlun 2017
Skatttekjur án framlaga Jöfnunarsjóðs				
Útsvar.....	1.023.577	1.015.900	1.023.577	1.015.900
Fasteignaskattur.....	291.704	289.935	287.547	285.770
Lóðarleiga.....	24.340	23.650	24.340	23.650
	<u>1.339.622</u>	<u>1.329.485</u>	<u>1.335.465</u>	<u>1.325.320</u>
Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga				
Þjónustuframlag.....	184.926	137.300	184.926	137.300
Framlag vegna fasteignagjalda.....	60.855	56.400	60.855	56.400
Almennt grunnskólaframlag.....	91.909	87.200	91.909	87.200
Framlag vegna nýbúa.....	3.770	3.770	3.770	3.770
Framlag vegna sérþarfa barna.....	17.450	13.400	17.450	13.400
Framlag vegna fatlaðra.....	115.473	103.225	115.473	103.225
Framlag vegna tónlistarmenntunar.....	1.604	2.500	1.604	2.500
Aukaframlag.....	3.633	0	3.633	2.500
	<u>479.618</u>	<u>403.795</u>	<u>479.618</u>	<u>406.295</u>
Aðrar tekjur				
Þjónustutekjur.....	153.942	169.455	395.550	390.330
Eignatekjur.....	36.906	28.790	11.501	45.950
Aðrar tekjur.....	56.616	41.860	51.846	55.535
	<u>247.464</u>	<u>240.105</u>	<u>458.896</u>	<u>491.815</u>
Rekstrartekjur samtals	<u>2.066.704</u>	<u>1.973.385</u>	<u>2.273.980</u>	<u>2.223.430</u>
Álagningarhlutföll				
Útsvar.....		14,52%		
Fasteignaskattur - A-liður.....		0,38%		
Fasteignaskattur - B-liður.....		1,32%		
Fasteignaskattur - C-liður.....		1,65%		

Skýringar

4. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	A hluti		A og B hluti	
	Fjárhagsáætlun		Fjárhagsáætlun	
	2017	2017	2017	2017
Laun.....	790.508	781.725	838.239	834.570
Launatengd gjöld.....	190.165	186.070	201.462	201.275
	<u>980.672</u>	<u>967.795</u>	<u>1.039.701</u>	<u>1.035.845</u>
Stöðugildi árið 2017.....	120,5		124,5	
Starfsmannafjöldi í árslok 2017.....	173		177	

Laun bæjarstjórnar, bæjarráðs og bæjarstjóra námu um 35,8 milljónum króna á árinu 2017 en voru 27,9 milljónir króna á árinu 2016.

5. Fjármunatekjur

	A hluti		A og B hluti	
	Fjárhagsáætlun		Fjárhagsáætlun	
	2017	2017	2017	2017
Vaxtatekjur af bankainnstæðum.....	1.840	1.006	3.221	8.776
Vaxtatekjur af skuldabréfaeign.....	7.069	132	5.860	132
Tekjur af hlutabréfaeign.....	4.187	3.700	4.187	3.700
Aðrar vaxtatekjur.....	4.049	1.975	4.434	2.480
	<u>17.146</u>	<u>6.813</u>	<u>17.702</u>	<u>15.088</u>

6. Fjármagnsgjöld

	A hluti		A og B hluti	
	Fjárhagsáætlun		Fjárhagsáætlun	
	2017	2017	2017	2017
Vaxtagjöld af skammtímask. við lánastofnanir.....	503	0	584	0
Vaxtagjöld og verðbætur af langtímaskuldum.....	48.822	60.919	66.271	79.653
Önnur vaxtagjöld.....	0	0	0	0
	<u>49.324</u>	<u>60.919</u>	<u>66.855</u>	<u>79.653</u>

Skýringar

7. Rekstur málaflokka og fyrirtækja í samanburði við fjárhagsáætlun

Rekstur málaflokka greinist þannig:

	Gjöld	Tekjur	Mismunur	Fjárhags- áætlun	Hlutfall af tekjum
Skatttekjur.....	0	1.854.384	1.854.384	1.766.845	89,7%
Félagsþjónusta.....	271.995	22.245	(249.751)	(249.035)	(12,1%)
Heilbrigðismál.....	1.761	0	(1.761)	(1.755)	(0,1%)
Fræðslu- og uppeldismál.....	959.651	130.741	(828.910)	(826.105)	(40,1%)
Menningarmál.....	81.313	5.910	(75.404)	(77.160)	(3,6%)
Æskulýðs- og íþróttamál.....	277.381	41.861	(235.520)	(246.855)	(11,4%)
Brunamál og almannavarnir.....	34.470	0	(34.470)	(35.140)	(1,7%)
Hreinlætismál.....	59.643	27.133	(32.510)	(34.380)	(1,6%)
Skipulags- og byggingarmál.....	35.827	33.495	(2.332)	(2.325)	(0,1%)
Umferðar- og samgöngumál.....	34.900	0	(34.900)	(53.195)	(1,7%)
Umhverfismál.....	60.297	22.846	(37.452)	(31.285)	(1,8%)
Atvinnumál.....	8.583	2.915	(5.668)	(6.850)	(0,3%)
Framlög til B hluta stofnana.....	10.250	0	(10.250)	(10.250)	(0,5%)
Sameiginlegur kostnaður.....	132.186	16.187	(115.999)	(118.945)	(5,6%)
Breyting lífeyrisskuldbindinga.....	89.622	0	(89.622)	(35.500)	(4,3%)
Óvenjulegir liðir.....	0	0	0	0	0,0%
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld.....	503	90.219	89.716	92.631	4,3%
Aðalsjóður samtals.....	2.058.382	2.247.936	189.554	130.696	

A hluta stofnanir:

Eignasjóður	294.848	263.546	(31.302)	(62.951)
Þjónustumiðstöð Ölfuss.....	86.007	54.001	(32.006)	(38.441)
Jöfnunarfærslur.....	(485.284)	(485.284)	0	0
A hluti samtals.....	1.953.954	2.080.199	126.245	29.305

B hluta stofnanir:

Fráveita Ölfuss.....	29.272	39.728	10.456	11.395
Vatnsveita Þorlákshafnar.....	22.663	29.126	6.463	7.418
Hafnarsjóður Þorlákshafnar.....	144.924	175.010	30.085	64.738
Félagslegar íbúðir Ölfuss.....	22.104	10.838	(11.266)	(11.193)
Íbúðir eldri borgara.....	21.803	19.522	(2.281)	(2.883)
Uppgræðslusjóður Ölfuss.....	11.263	3.250	(8.013)	(8.115)
	252.029	277.473	25.445	61.360

Jöfnunarfærslur.....	(64.390)	(64.390)	0	0
----------------------	----------	----------	---	---

Samantekinn ársreikningur (A og B hluti)....	2.141.593	2.293.283	151.690	90.665
--	-----------	-----------	---------	--------

Skýringar

8. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

A hluti

	Fasteignir og byggingarland	Veitu- og gatnakerfi	Tæki og bifreiðar	Samtals
Kostnaðarverð				
Staða í ársbyrjun.....	3.670.914	221.369	75.745	3.968.028
Eignfært á árinu.....	141.443	37.931	11.482	190.857
Selt og aflagt á árinu.....	(30.000)	0	(9.130)	(39.130)
Staða í árslok.....	3.782.357	259.300	78.098	4.119.755

Afskriftir

Staða í ársbyrjun.....	1.154.402	84.580	37.228	1.276.210
Afskrift ársins.....	77.209	14.090	8.460	99.759
Selt og aflagt á árinu.....	(697)	0	(6.061)	(6.758)
Staða í árslok.....	1.230.914	98.670	39.627	1.369.211

Bókfært verð

Bókfært verð í ársbyrjun.....	2.516.512	136.788	38.518	2.691.818
Bókfært verð í árslok.....	2.551.443	160.630	38.471	2.750.543

Afskriftarhlutföll..... 0-2,5% 4-15% 2,5-20%

A og B hluti

	Fasteignir og byggingarland	Veitu- og gatnakerfi	Hafnarmannvirki	Áhöld og tæki	Samtals
Kostnaðarverð					
Staða í ársbyrjun.....	4.131.828	1.055.020	549.550	104.549	5.840.946
Eignfært á árinu.....	194.443	53.915	212.692	16.877	477.927
Selt og aflagt á árinu.....	(30.000)	0	0	(13.861)	(43.861)
Staða í árslok.....	4.296.271	1.108.935	762.241	107.566	6.275.013

Afskriftir

Staða í ársbyrjun.....	1.297.473	631.716	259.892	54.825	2.243.906
Afskrift ársins.....	87.027	34.300	26.164	9.812	157.303
Selt og aflagt á árinu.....	(697)	0	0	(9.672)	(10.369)
Staða í árslok.....	1.383.803	666.016	286.056	54.966	2.390.840

Bókfært verð

Bókfært verð í ársbyrjun.....	2.834.355	423.304	289.657	49.724	3.597.040
Bókfært verð í árslok.....	2.912.468	442.919	476.186	52.600	3.884.172

Afskriftarhlutföll..... 0-12% 4-15% 2-20% 2,5-25%

A hluti

	Fasteignamat	Vátryggingamat	Bókfært verð
Leikskólar og grunnskólar.....	721.995	2.069.921	969.051
Aðrar fasteignir.....	911.967	2.062.440	1.582.391
	1.633.962	4.132.361	2.551.443

Skýringar

8. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir (framhald)

A og B hluti	Vátryggingamat	Bókfært verð
Fasteignir A hluta, sjá að framan.....	4.132.361	2.551.443
Hafnarsjóður Þorlákshafnar.....	99.350	59.559
Félagslegar íbúðir Ölfuss.....	314.995	114.400
Íbúðir eldri borgara.....	429.700	187.067
	<u>4.976.406</u>	<u>2.912.468</u>

9. Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum:	A og B hluti	
	2017	2016
Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands.....	12.104	12.104
Brunavarnir Árnessýslu.....	14.114	14.114
Eignarhaldsfélag Suðurlands hf.....	11.450	11.450
Háskólafélag Suðurlands ehf.....	7.446	7.446
Lánasjóður sveitarfélaga ohf.....	76.452	76.452
Aðrir eignarhlutir.....	1.322	1.322
Bókfært verð í lok árs.....	<u>122.889</u>	<u>122.889</u>

10. Skuldabréfaeign og aðrar langtímakröfur

	A og B hluti	
	2017	2016
Staða í ársbyrjun.....	17.344	18.243
Viðbót.....	33.000	0
Innborganir.....	0	(1.184)
Verðbreytingar.....	717	285
Afskrifað.....	0	0
Staða í árslok.....	<u>51.062</u>	<u>17.344</u>
Næsta árs afborgun.....	<u>(1.546)</u>	<u>(969)</u>
	<u>49.516</u>	<u>16.376</u>

11. Aðrar peningalegar eignir

Óinnheimtar tekjur og viðskiptakröfur	A hluti		A og B hluti	
	31.12.2017	31.12.2016	31.12.2017	31.12.2016
Útsvar og aðstöðugjöld.....	160.613	144.470	160.613	144.470
Fasteignagjöld.....	18.159	14.574	18.159	14.574
Aðrar tekjur.....	77.928	71.773	95.519	87.512
Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast.....	<u>(53.860)</u>	<u>(53.875)</u>	<u>(55.676)</u>	<u>(55.680)</u>
	<u>202.840</u>	<u>176.942</u>	<u>218.615</u>	<u>190.876</u>

Breytingar á niðurfærslu viðskiptakrafna greinist þannig:

	A hluti		A og B hluti	
	31.12.2017	31.12.2016	31.12.2017	31.12.2016
Staða í ársbyrjun.....	53.875	57.849	55.680	60.498
Breyting niðurfærslu á árinu.....	1.611	12.500	1.995	13.491
Tapaðar viðskiptakröfur á árinu.....	<u>(1.626)</u>	<u>(16.474)</u>	<u>(1.999)</u>	<u>(18.310)</u>
Staða í árslok.....	<u>53.860</u>	<u>53.875</u>	<u>55.676</u>	<u>55.680</u>

Niðurfærsla hefur verið reiknuð vegna krafna sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda og reynsly fyrri ára.

Skýringar

11. Aðrar peningalegar eignir (framhald)

Aðrar skammtímakröfur	A hluti		A og B hluti	
	31.12.2017	31.12.2016	31.12.2017	31.12.2016
Virðisaukaskattur.....	3.897	4.734	4.879	4.734
Óinnheimtir vextir.....	381	241	659	514
Aðrar kröfur.....	11.829	9.804	65.601	14.289
	<u>16.107</u>	<u>14.779</u>	<u>71.139</u>	<u>19.537</u>

Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Óbundnar bankainnst. í ísl. krónum.....	A hluti		A og B hluti	
	31.12.2017	31.12.2016	31.12.2017	31.12.2016
	109.426	109.866	110.156	279.314
	<u>109.426</u>	<u>109.866</u>	<u>110.156</u>	<u>279.314</u>

12. Eigið fé

Yfirlit yfir eiginfjárreikninga:

	A hluti	A og B hluti
Eigið fé 1.1.2017.....	1.567.328	2.281.252
Rekstrarniðurstaða ársins.....	126.245	151.690
Eigið fé 31.12.2017.....	<u>1.693.574</u>	<u>2.432.941</u>

13. Lífeyrisskuldbinding

Á bæjarsjóði hvílir lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins hjá B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins en um er að ræða réttindatengd lífeyriskerfi með bankaábyrgð launagreiðanda. Áfallin skuldbinding skv. útreikningi tryggingastærðfræðinga, miðað við 2% ávöxtun umfram launahækkunar, er áætluð alls um 407,3 milljónir króna í árslok 2017 og hefur þá hækkað um 11 milljónir króna frá sama tíma árið áður. Gjaldfærsla skuldbindingarinnar á árinu nemur um 26,7 milljónum króna. Þá var gjaldfært í rekstri greiðslur til Brúar lífeyrissjóðs að fjárhæð 63 milljónum króna. Nánar er fjallað um uppgjörsgreiðslur til lífeyrissjóðsins í skýringu 18 með ársreikningnum.

Á Hafnarsjóði hvílir skuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins hjá B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Skuldbindingin nemur um 20,5 milljónum króna samkvæmt mati tryggingastærðfræðings og miðast útreikningurinn við 2% ávöxtun umfram launahækkunar. Skuldbindingin hækkaði um 187 þúsundum króna en gjaldfærð skuldbinding Hafnarsjóðs á árinu nemur um 2 milljónum króna. Uppgjörsgreiðslur til Brúar lífeyrissjóðs vegna Hafnarsjóðs námu 3,8 milljónum króna sem voru færðar á meðal rekstrargjalda á árinu 2017.

	Árið 2017		Árið 2016	
	A hluti	A og B hluti	A hluti	A og B hluti
Lífeyrisskuldbindingar frá fyrra ári.....	396.266	416.593	361.109	380.788
Hækkun ársins.....	26.665	28.670	49.698	51.948
Afborganir ársins.....	(15.616)	(17.434)	(14.541)	(16.144)
Lífeyrisskuldbindingar í árslok.....	<u>407.315</u>	<u>427.829</u>	<u>396.266</u>	<u>416.593</u>

Núvirði áætlaðra greiðslna vegna lífeyrisskuldbindingar greinist þannig á næstu ár:

Árin 2018-2022.....	71.024	74.668
Árin 2023-2027.....	77.268	81.232
Árin 2028-2032.....	71.184	74.835
Síðar.....	<u>187.839</u>	<u>197.095</u>
	<u>407.315</u>	<u>427.829</u>

Skýringar

14. Langtímaskuldir

Breyting langtímaskulda á árinu greinist þannig:

	A hluti	A og B hluti
Staða í ársbyrjun.....	1.109.192	1.389.256
Tekin ný lán á árinu.....	0	47.742
Afborganir á árinu.....	(83.914)	(101.076)
Verðbætur.....	18.267	22.806
Staða í árslok.....	1.043.545	1.358.727
Næsta árs afborganir langtímaskulda.....	(82.926)	(100.497)
Langtímaskuldir í árslok.....	960.619	1.258.231
Vaxtakjör í árslok.....	2,80-5,22%	1,00-5,22%

Lán sveitarfélagsins eru öll verðtryggð.

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig á næstu ár:

	A hluti	A og B hluti
Næsta árs afborganir.....	82.926	100.497
Afborganir 2019.....	82.919	100.798
Afborganir 2020.....	84.600	102.796
Afborganir 2021.....	61.706	80.227
Afborganir 2022.....	63.486	79.633
Afborganir síðar.....	667.907	894.777
	1.043.545	1.358.727

15. Aðrar peningalegar skuldir

Viðskiptaskuldir

	A hluti		A og B hluti	
	31.12.2017	31.12.2016	31.12.2017	31.12.2016
Innlendar viðskiptaskuldir.....	97.312	42.478	83.933	55.585
	97.312	42.478	83.933	55.585

Næsta árs afborganir langtímaskulda

	A hluti		A og B hluti	
	31.12.2017	31.12.2016	31.12.2017	31.12.2017
Skuldir við lánastofnanir.....	82.926	83.430	100.497	100.053
	82.926	83.430	100.497	100.053

Aðrar skammtímaskuldir

	A hluti		A og B hluti	
	31.12.2017	31.12.2016	31.12.2017	31.12.2016
Virðisaukaskattur.....	0	0	0	983
Ógreidd opinber gjöld.....	22.376	23.051	22.376	23.051
Ógreidd laun og launatengd gjöld.....	57.306	51.700	59.290	53.301
Lífeyrisskuldbinding Brú, sbr. skýring 13 og 18	62.967	0	66.777	0
Ógreiddir áfallnir vextir.....	9.340	10.239	10.850	11.771
Aðrar skuldir.....	160	67	862	294
	152.149	85.057	160.155	89.400

16. Skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Sveitarfélagið er ásamt öðrum nærliggjandi sveitarfélögum þátttakandi í fjórum byggðasamlögum: Bergrisanum bs., Sorpstöð Suðurlands bs., Héraðsnefnd Árnesinga bs. og Brunavörnum Árnessýslu. Auk þessara verkefna tekur sveitarfélagið þátt í ýmsum öðrum samstarfsverkefnum. Sveitarfélögin bera hlutfallslega ábyrgð á skuldum og skuldbindingum byggðasamlaganna miðað við samanlagða íbúatölu á hverju ári.

17. Tengdir aðilar

Aðal- og varamenn í bæjarstjórn auk æðstu stjórnenda sveitarfélagsins eru skilgreindir sem tengdir aðilar sveitarfélagsins. Makar þessara aðila og ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

Á árinu náðu viðskipti sveitarfélagsins við tengda aðila eingöngu til hefðbundinnar þjónustu sem sveitarfélagið veitir og opinberra gjalda sem lögð eru á tengda aðila. Viðskiptin eru á sömu forsendum og þegar um ótengda aðila er að ræða og eru skilyrði og skilmálar viðskiptanna sambærileg og við ótengda aðila. Við ákvörðun um viðskipti við tengda aðila er farið að hæfisreglum 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

18. Uppgjörsgreiðslur til Brúar lífeyrissjóðs

Í kjölfar lagabreytinga er vörðuðu samræmingu og jöfnun lífeyrisréttinda á almennum og opinberum markaði ber sveitarfélögum að gera upp reiknaðan framtíðarhalla A-deildar Brúar lífeyrissjóðs með einskiptisgreiðslu. Til stóð að uppgjórið færi fram á árinu 2017 en það dróst fram í febrúar 2018. Á árinu 2017 voru settar tvær nýjar reglugerðir vegna þessa, annars vegar með breytingu á reglugerð nr. 1212/2015 um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga og hins vegar með breytingu á reglugerð um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga í þeim tilgangi að samræma reikningshaldslega meðhöndlun hjá sveitarfélögum. Um er að ræða eingreiðslur sveitarfélagsins í þrjá sjóði, jafnvægisjóð, varúðarsjóð og lífeyrisaukasjóð. Sveitarfélagið hefur fylgt þessum leiðbeiningum um reikningshaldslega meðhöndlun og gjaldfært þann hluta sveitarfélagsins sem er ætlað að gera upp áfallna skuldbindingu sjóðsins í tengslum við uppgjör A deildar sjóðsins á árinu 2017, þ.e. framlag í jafnvægisjóð. Hjá sveitarfélaginu nam framlag í jafnvægisjóð 61,7 milljónum króna, þar af var framlag Hafnarsjóðs 3,3 milljónum króna. Greiðslur sveitarfélagsins í lífeyrisaukasjóð námu 214,4 milljónum króna, þar af 21,6 milljón króna vegna Hafnarsjóðs. Heimild er að færa greiðsluna til gjalda á 30 árum, frá og með 31. maí 2017 og færast fjárhæðin meðal fyrirframgreiðslna í efnahagsreikningi. Greiðslur í varúðarsjóð námu 23 milljónum króna, þar af 2,5 vegna Hafnarsjóðs. Greiðslur í varúðarsjóð má einnig eignfæra meðal fyrirframgreiðslna og færa til gjalda á 20 árum. Þar sem engar greiðslur fóru fram á árinu 2017 hefur ekki verið færð nein fyrirframgreiðslna í efnahagsreikningi í lok ársins 2017 og engin skuldbinding færð vegna þessa. Fært var til gjalda meðal launaliða sá hluti lífeyrisaukasjóðs og varúðarsjóðs sem taldist áfallinn frá og með 31. maí 2017 og voru þau meðal skammtímaskulda um áramótin. Áætlað er að framlag í lífeyrisauka- og varúðarsjóð geti numið 15,4 milljónum króna á ári.

Skýringar

19. Lykiltölur

Fjárhagsleg viðmið sveitarstjórnarlaga:

	Áætlun 2017	2017	2016	2015	2014	2013
Jafnvægisregla,						
rekstrarjöfnuður í þús.kr.....	254.109	315.134	301.310	237.283	467.883	327.602
Skuldaviðmið skv. reglugerð.....		77,89%	71,96%	90,66%	97,35%	110,73%
Skuldahlutfall.....		89,30%	92,70%	115,81%	129,92%	136,83%

Í hlutfalli við rekstrartekjur:	A hluti		A og B hluti	
	2017	Fjárhags- áætlun 2017	2017	Fjárhags- áætlun 2017
Skatttekjur.....	64,82%	67,37%	58,73%	59,67%
Framlög Jöfnunarsjóðs.....	23,21%	20,46%	21,09%	18,18%
Skatttekjur samtals.....	88,03%	87,83%	79,82%	77,86%
Aðrar tekjur.....	11,97%	12,17%	20,18%	22,14%
	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>
Laun og launatengd gjöld.....	(47,45%)	(49,04%)	(45,72%)	(46,64%)
Breyting lífeyrisskuldbindinga.....	(4,34%)	(1,80%)	(4,20%)	(1,72%)
Annar rekstrarkostnaður án afskrifta.....	(35,72%)	(39,80%)	(34,33%)	(37,52%)
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir.....	12,49%	9,36%	15,75%	14,12%
Afskriftir.....	4,83%	5,13%	6,92%	7,13%
Fjármagnsliðir, nettó.....	(1,56%)	(2,74%)	(2,16%)	(2,91%)
Rekstrarniðurstaða.....	15,76%	11,74%	20,51%	18,34%
Handbært fé frá rekstri.....	16,38%		15,35%	
Fjárfestingahreyfingar.....	(7,45%)		(20,54%)	

Í þúsundum króna á íbúa:	A hluti		A og B hluti	
	2017	Fjárhags- áætlun 2017	2017	Fjárhags- áætlun 2017
Rekstur:				
Skatttekjur og Jöfnunarsjóður.....	862	821	860	819
Aðrar tekjur.....	117	114	217	233
Rekstrartekjur samtals.....	<u>979</u>	<u>935</u>	<u>1.077</u>	<u>1.052</u>
Rekstrargjöld og fjármagnsliðir.....	841	822	884	873
Rekstrarniðurstaða ársins.....	<u>1.820</u>	<u>1.757</u>	<u>1.961</u>	<u>1.925</u>

Í þúsundum króna á íbúa:	A hluti		A og B hluti	
	2017	2016	2017	2016
Efnahagur:				
Eignir	1.632	1.638	2.114	2.111
Eigið fé.....	802	782	1.153	1.138
Lífeyrisskuldbindingar.....	193	186	203	208
Skuldir án skuldbindinga.....	637	659	759	765

Fimm ára yfirlit A hluta:

	Árið 2017	Árið 2016	Árið 2015	Árið 2014	Árið 2013
Íbúafjöldi:					
Í ársbyrjun.....	2.005	1.956	1.885	1.906	1.900
Breyting á árinu.....	106	49	71	(21)	6
Í árslok.....	<u>2.111</u>	<u>2.005</u>	<u>1.956</u>	<u>1.885</u>	<u>1.906</u>

Skýringar

19. Lykiltölur (framhald)

Yfirlit um lykiltölur A hluta síðustu fimm ára á verðlagi hvers árs:

	Árið 2017	Árið 2016	Árið 2015	Árið 2014	Árið 2013
Í hlutfalli við rekstrartekjur:					
Útsvar.....	49,53%	49,15%	48,88%	49,30%	49,44%
Fasteignaskattar.....	15,29%	15,76%	17,05%	17,68%	17,58%
Framlög Jöfnunarsjóðs.....	23,21%	22,70%	22,01%	20,66%	21,27%
Eignatekjur.....	1,79%	2,90%	2,79%	2,67%	1,16%
Skatttekjur samtals.....	89,81%	90,51%	90,72%	90,31%	89,45%
Aðrar tekjur.....	10,19%	9,49%	9,28%	9,69%	10,55%
	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>
Laun og launatengd gjöld.....	47,45%	47,02%	51,00%	46,10%	44,05%
Breyting lífeyrisskuldbindinga.....	4,34%	2,64%	2,39%	1,91%	1,55%
Annar rekstrarkostnaður.....	35,72%	37,18%	39,64%	38,52%	36,52%
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir.....	12,49%	13,16%	6,96%	13,48%	17,88%
Afskriftir.....	4,83%	5,05%	5,44%	5,50%	5,45%
Rekstrarniðurstaða fyrir fjárm.liði.....	7,67%	8,12%	1,52%	7,98%	12,43%
Fjármagnsliðir, nettó.....	(1,56%)	(2,31%)	(2,83%)	(2,72%)	(6,70%)
Rekstrarniðurstaða.....	<u>6,11%</u>	<u>5,81%</u>	<u>(1,31%)</u>	<u>5,26%</u>	<u>5,73%</u>

	Árið 2017	Árið 2016	Árið 2015	Árið 2014	Árið 2013
Í þúsundum króna á íbúa:					
Rekstur:					
Skatttekjur og Jöfnunarsjóður.....	862	822	748	720	691
Aðrar tekjur.....	117	116	103	101	92
	<u>979</u>	<u>939</u>	<u>850</u>	<u>821</u>	<u>783</u>
Laun og launatengd gjöld.....	465	441	434	378	345
Annar rekstrarkostnaður.....	350	349	337	316	286
Rekstrarniðurstaða fyrir fjárm.liði.....	122	124	13	66	97
Fjármagnsliðir, nettó.....	(15)	(22)	(24)	(22)	(53)
Rekstrarniðurstaða.....	<u>107</u>	<u>102</u>	<u>(11)</u>	<u>43</u>	<u>45</u>

Efnahagur:

Eignir.....	1.632	1.638	1.657	1.710	1.710
Eigið fé.....	802	782	752	781	735
Lífeyrisskuldbindingar.....	193	198	186	176	164
Skuldir án skuldbindinga.....	637	659	719	753	811

Sjóðstreymi:

Handbært fé frá rekstri.....	160	119	66	107	134
------------------------------	-----	-----	----	-----	-----

Aðrar lykiltölur:

Veltufjárlutfall.....	1,19	1,31	1,10	1,31	1,22
Eiginfjárlutfall.....	49,16%	47,71%	45,38%	45,70%	43,00%

Skýringar

20. Rekstraráætlanir

Neðangreint yfirlit sýnir rekstraráætlun fyrir árið 2017 samkvæmt upphaflegri samþykktri fjárhagsáætlun sveitarfélagsins, samþykktu viðauka og fjárhagsáætlun með viðaukum. Fjárhagsáætlun með viðaukum er birt í rekstrarreikningi og öðrum skýringum ársreikningsins til samanburðar við rauntölur ársins.

	A hluti			A og B hluti		
	Upphafleg fjárhags-áætlun	Viðaukar við fjárhags-áætlun	Fjárhags-áætlun með viðaukum	Upphafleg fjárhags-áætlun	Viðaukar við fjárhags-áætlun	Fjárhags-áætlun með viðaukum
Rekstrartekjur						
Skatttekjur án framl. Jöfnunarsjóðs.....	1.326.210	10.800	1.337.010	1.322.110	10.800	1.332.910
Framlög úr Jöfnunarsjóði.....	403.795	0	403.795	403.795	0	403.795
Aðrar tekjur.....	195.925	27.795	223.720	475.280	27.795	503.075
	<u>1.925.930</u>	<u>38.595</u>	<u>1.964.525</u>	<u>2.201.185</u>	<u>38.595</u>	<u>2.239.780</u>
Rekstrargjöld						
Laun og annar starfsm. kostnaður.....	1.017.395	(14.405)	1.002.990	1.088.065	(14.405)	1.073.660
Hækkun lífeyrisskuldbindingar.....	0	0	0	0	0	0
Annar rekstrarkostnaður.....	727.800	49.090	776.890	800.590	51.925	852.515
Afskriftir fastafjármuna.....	101.234	0	101.234	158.375	0	158.375
	<u>1.846.429</u>	<u>34.685</u>	<u>1.881.114</u>	<u>2.047.030</u>	<u>37.520</u>	<u>2.084.550</u>
Rekstrarniðurst. án fjármunat. og fjármagnsgjalda.....	79.501	3.910	83.411	154.155	1.075	155.230
Fjárm.tekjur og (fjárm.gjöld)						
Fjármunatekjur.....	12.373	0	12.373	14.932	0	14.932
Fjármagnsgjöld.....	(66.479)	0	(66.479)	(79.498)	0	(79.498)
	<u>(54.106)</u>	<u>0</u>	<u>(54.106)</u>	<u>(64.566)</u>	<u>0</u>	<u>(64.566)</u>
Rekstrarniðurstaða.....	<u>25.395</u>	<u>3.910</u>	<u>29.305</u>	<u>89.589</u>	<u>1.075</u>	<u>90.664</u>

Yfirlýsing um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar

Yfirlýsing um stjórnarhætti

Um stjórnarhætti sveitarfélagsins gilda sveitarstjórnarlög nr. 731/2013, með síðari breytingum, og samþykkt um stjórn sveitarfélagsins frá 19. september 2013. Bæjarstjórn er kjörin í almennum kosningum af íbúum sveitarfélagsins á fjögurra ára fresti.

Bæjarstjórn ber ábyrgð á því að til staðar sé virkt kerfi innra eftirlits og að það sé formlegt, skjalfest og sannreynt reglulega. Innra eftirlitið á að vera til þess fallið að veita vissu um að sveitarfélagið nái árangri og skilvirkni í starfsemi í samræmi við markmið sveitarfélagsins, að það veiti áreiðanlegar og réttmætar fjárhagsupplýsingar til ytri aðila og að það hlíti lögum og reglum sem gilda um starfsemina. Um áhættustýringu er vísað til ákvæða í VII. kafla sveitarstjórnarlaga, s.s. um fjárstjórnarvald, bindandi áhrif ákvörðunar um fjárhagsáætlun ársins, ábyrga meðferð fjármuna, miklar fjárfestingar og skuldbindingar og takmarkanir er varða veðsetningar og ábyrgðaveitingar. Sveitarfélagið fer að ákvæðum sveitarstjórnarlaga hvað þetta varðar.

Fjöldi fulltrúa í bæjarstjórn og nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum sveitarfélagsins er tilgreindur í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins sem aðgengileg er á heimasíðu þess. Á heimasíðunni má einnig sjá hverjir sitja í einstaka nefndum, ráðum og stjórnnum.

Í 2. tölul. 44. gr. sveitarstjórnarlaga kemur fram regla um kynjahlutföll í nefndum sem bæjarstjórn velur í. Sveitarfélagið gætir að þessum reglum við skipan í nefndir. Að því er bæjarstjórnina varðar ræðst samsetningin af röðun á framboðslista og niðurstöðum kosninga til sveitarstjórnar. Þar sitja nú fulltrúar með ólíkan bakgrunn og menntun.

Ófjárhagslegar upplýsingar

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 eru sveitarfélög sjálfstæð stjórnvöld sem stjórnað er af lýðræðislega kjörnum sveitarstjórnnum í umboði íbúa sveitarfélagsins. Sveitarfélagið sinnir þeim verkefnum sem því er falið lögum samkvæmt, m.a. varðandi fræðslu- og uppeldismál, félagsþjónustu, æskulýðs- og íþróttamál, menningarmál, hreinlætismál og umhverfismál. Jafnframt fylgir það kröfum sem gilda um starfsemi þess í öðrum lögum, s.s. stjórnarsýslulögum, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og lögum um opinber innkaup. Bæjarstjórn sveitarfélagsins samþykkti í október 2012 siðareglur fyrir kjörna fulltrúa sem settar hafa verið á grundvelli 29. gr. sveitarstjórnarlaga og aðgengilegar eru á heimasíðu sveitarfélagsins.

Engin frávik hafa verið greind af hálfu opinberra eftirlitsaðila eða endurskoðenda hvað varðar starfsemi sveitarfélagsins sem tengist umhverfis-, félags- og starfsmannamálum, mannréttindamálum eða spillingar- og mútumálum.